

Mál nr. 233/2014
M
og V v/ ábyrgðartryggingar H.

Líkamstjón vegna líkamsárásar 17. nóvember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 29. júlí 2014.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamsárás við vinnu sína hjá H þann 17. nóvember 2013. Ekki er ágreiningur um málsatvik árásarinnar sem varð þegar M var að sinna starfi sínu sem bifreiðastjóri hjá H. Ágreiningur M og V snýr að því hvort H sem vinnuveitandi beri ábyrgð á afleiðingum umræddar árásar.

M telur að H beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins þar sem tjónið hafi orðið í vinnu hans fyrir H og hafi M lotið boðvaldi H þegar tjónið varð. M vísar auk þess til að hætta á líkamsárásum sé þekkt í starfi M og hafi H ekki tekið nægt tillit til þess í áhættumati vegna starfsins auk þess sem M hafi verið berskjaldaður fyrir árás sem þessari í ljósi þess að honum er gert að innheimta gjald af farþegum. H hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að minnka hættu á tjóni sem þessu t.d. með því að skýla bifreiðastjórum frá farþegum sem ekki eru sáttnir við umrædda gjaldtöku. M vísar til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 máli sínu til stuðnings.

V telur að H geti ekki borið skaðabótaábyrgð á gerðum farþega ef þeir grípa til ódæða sem þessara. V telur að H hafi, með áhættumati og leiðbeiningum til starfsmanna sinna, sinnt skyldu sinni til vinnuverndar sem kveðið er á um í lögum nr. 46/1980.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að ráðist var á M þar sem hann sinnti starfi sínu sem bifreiðarstjóri hjá H. Einnig liggja fyrir upplýsingar um áhættumat vegna starfsins og leiðbeiningar til starfsmanna H varðandi það. Verður ekki séð af gögnum málsins að H hafi vanrækt skyldur sínar til leiðbeininga eða vanmetið áhættu vegna starfsins. Ekki verður heldur séð að sérstakar ráðstafanir hafi verið hægt að gera til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað farþega eða annarra eða afleiðingar slíks. Eðli málsins samkvæmt ber sá sem hann framkvæmir ábyrgð á afleiðingum. Verður því ekki talið sannað að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem H ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.